

úrskurði hlýtur samkvæmt framansögðu að teljast ólög-
mæt, ber að samþykkja þá kröfu og fella fjárnámið og
úrskurðinn úr gildi.

Áfrýjandi hefur eigi gegn mótmælum stefnda sannað,
að hann hafi beðið tjón við fjárnámið, og verða honum
því eigi dæmdar skaðabætur hjá stefnda. En það þykir
rétt, að stefndi greiði honum málskostnað, sem ákveðst
25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og fjárnámsgjörð
skulu úr gildi feld. Stefndi, Erlendur Björnsson,
greiði áfrýjanda, Runólfi E. Sverrisson, 25 krónur í
málskostnað, áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu
dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. júlímán.

Nr. 27/1913.

Valdstjórnin

gegn

Indriða Gottsveinssyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurborgar, upp-
kveðnum 18. apríl þ. á., var hinn kærði, Indriði Gott-
sveinsson, skipstjóri á botnvörpunum »Garðar landnemi«,

dæmdur fyrir brot á 2. málsgrein í lögum nr. 18, 8. júlí 1902, til að greiða 300 kr. sekt í landssjóð, svo og allan málskostnað, en dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirréttarins eftir kröfu hins kærða.

Það er löglega sannað, enda viðurkent af kærða í málinu, að hann hafi hinn 27. marz þ. á. legið fyrir akkeri með skipi sínu Garðari landnema í landhelgi við Heimaey og haft þá botnvörpufærin utanborðs, sem sé efri hlerann bakborðsmegin, og var þetta tilkynt lög-reglustjórninni af fiskiveiða-eftirlitsskipinu Islands Falk. Þetta atferli kærða kemur í bága við ákvæðin í hinum tilvitnuðu lögum, en hann heldur því fram, að hann hafi haft undanþágu frá þeim, veitta af landsstjórninni samkv. lögum nr. 56, 30. júlí 1909, og hafi undanþáguleyfi þetta verið ótakmarkað. Það er og rétt, að kærði fekk með bréfi stjórnarráðsins 18. marz 1912 undanþágu frá áminstu ákvæði laganna 8. júlí 1912, og segir beint í bréfinu, að undanþágan sé veitt samkvæmt lögum nr. 56, 30. júlí 1909, en eftir þessum lögum verður undanþágan eigi veitt lengur en um eitt ár í senn, og átti kærða að vera þetta kunnugt, því að um undanþáguna fyrir skipið hefir verið beðið með tilvitnum til nýnefndra laga. Þegar kærði lá með skipi sínu undir Heimaey hinn 27. marz þ. á. með botnvörpufærin innanborðs, var undanþáguleyfi hans, veitt 18. marz f. á., útrunnið lögum samkvæmt, og með því að hann hafði eigi fengið það endurnýjað, hefir hann orðið brotlegur gegn áðurnefndum lögum 8. júlí 1902, en sekt þá, er hann hefir til unnið, þykir mega ákveða 200 kr. Málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins samþykkist, og verður kærði einnig að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækj-

anda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins fyrir undirréttinum hefir verið óaðfinnanlegur, og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Indriði Gottsveinsson, greiði 200 kr. sekt í landssjóð, og allan kostnað málsins, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Lárusar Fjeldsted, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. ágústmán.

Nr. 3/1913.

Thor Jensen kaupmaður
gegn

Árna presti Þórarinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði Thor Jensen kaupmaður í Reykjavík gegn stefnda Árna presti Þórarinssyni á Stóra-Hrauni í Hnappadalssýslu, til þess að fá hann dæmdan